



## Pistill formanns KSH

Árið 2016 hefur verið viðburðaríkt hjá Kristilegu skólahreyfingunni (KSH). Sr. Sveinn Alfreðsson, sem ráðinn hafði verið í stöðu starfsmanns KSH frá 2015, lét af störfum 1. mars 2016. Fyrir hönd KSH, KSS, KSF og velunnara starfsins þökkum við honum kærlega fyrir vel unnin störf og óskum honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Í ágúst síðastliðnum tók sr. Ólafur Jón Magnússon við stöðu starfsmanns KSH og starfar í dag sem prestur fyrir Kristilegu skólahreyfinguna. Við óskum honum innilega til hamingju með embættið og biðjum um Guðs blessun í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Verkefni starfsmanns KSH eru margvísleg og fjölbreytt. Hlutverk hans verður mjög áberandi þegar skólahreyfingin stendur frammi fyrir því að hafa hann ekki við störf. Slíkt tímabil varð fyrr á þessu ári þegar fyrrverandi starfsmaður hafði látið af störfum og ekki var búið að ráða nýjan í hans stað. Ástæður þess voru fyrst og fremst fjárhagslegar. Töluvert tap var á rekstri KSH árið 2015 og þurfti stjórnin að grípa til allra tiltækra ráða. Með sterkan hóp af sjálfbodaliðum eins og Eldri fulltrúa KSS og öldungahóps

komumst við í gegnum þetta tímabil en lærðum einnig hversu mikilvæg þessi staða er. Til þess að geta tryggt það öryggi og aðhald sem felst í störfum starfsmanns KSH er nauðsynlegt að byggja upp betra fjárhagslegt bakland. Einnig er það ávallt stóri draumurinn að geta ráðið starfsmann í fulla stöðu en í dag ræður KSH aðeins við að hafa starfsmann í 50% stöðu. Við



biðjum því alla velunnara starfsins að hafa KSH, KSS og KSF í bænnum sínum og ekki síst fjármál félaganna.

Að lokum vil ég þakka góðum Guði fyrir blessun sína og nærveru í starfi okkar og bið um áframhaldandi blessun yfir störfum starfsmanns KSH, stjórnnum og þátttakendum í starfi KSS og KSF, stjórn KSH og öllum þeim fjölmörgu sem koma að starfi félaganna með einum eða öðrum hætti.

*Hildur Björg Gunnarsdóttir*



## Þorláksmessustund

Hin árlega Þorláksmessustund KSH verður haldin í Friðrikskapellu að Hlíðarenda 23. desember nk. kl. 23:30. Stundin er fyrir löngu orðin órjúfanlegur hluti af jólavenjum margra, enda gefst þar tækifæri til að njóta kyrrðar og helgi jólanna sem oft týnist í þeysingi jólaundirbúnings. Stundin stendur yfir í um 45 mínútur og verður með hefðbundnu sniði. Sr. Ólafur Jón Magnússon flytur hugvekju og tónlistarfólk KSS og KSF leiðir sálmasöng. Léttar veitingar verða í boði eftir stundina. Allir eru velkomnir.



„Þið elskuðu, elskum hvert annað því að kærleikurinn er frá Guði kominn og hver sem elskar er barn Guðs og þekkir Guð.“

## 1. Jóhannesarbréf 4.7

Upphaldsvers Hjalta Jóels Magnússonar, 17 ára nema í MH og gjaldkera KSS.

## Nýr eldri fulltrúi

Arnór Heiðarsson lét af störfum sem eldri fulltrúi KSS í september sl. og ber að þakka honum fyrir vel unnin störf. Pétur Ragnhildarson þáverandi gjaldkeri KSH tók við af Arnóri. Samtímis bað Pétur um að einhver annar innan stjórnar KSH tæki við gjaldkeraembættinu. Það gerði Hildur Kjartansdóttir og lét um leið af ritaraembætti sínu sem nú skiptist á milli meðstjórnenda stjórnar KSH. Helstu hlutverk eldri fulltrúa KSS eru að vera stjórn KSS innan handar ásamt því að hafa yfirumsjón með öldungum KSS.

## Jólastund KSS og KSF

Þann 17. desember sl. var jólastund KSS og KSF haldin að Holtavegi 28 kl. 20:00. Hljóm sveitin Sálmarí ásamt nokkrum KSS-ingum léku jólalög á meðan gestir gæddu sér á ljúffengum veitingum sem KSF hafði séð um útvega. Aðgangseyrir var 2.000 krónur og rann allur ágóði til styrktar starfi KSS og KSF.

## Dvínandi þáttaka í KSS

Undanfarin ár hefur orðið hægfara fækkun í hópi þátttakenda í starfi KSS og eru virkir þátttekendur nú í kringum 25 að stjórn meðtaldri. Benda má á ýmsar ástæður fyrir þessari þróun; t.d. kynslóðaskipti, ör starfsmannaskipti, nýlegar reglur Reykjavíkurborgar um kynningu félagasamtaka á starfi sínu í grunnskólum, harðnandi þjóðfélagssumræða í garð kristinnar trúar o.fl. Þrátt fyrir vissa lægð, sé litið til þátttöku meguð við ekki leggja árar í bát heldur leggjast á

bæn fyrir starfi KSS og skólahreyfingarinnar allrar. Guði er ekkert um megn og vilji hann áfram nota félögin til þess að láta fagnaðarerindið hljóma meðal skólafólks mun ekkert geta hindrað það. Þrátt fyrir að í dag sé á brattann að sækja meguð við vera hughraust og muna hverju Guð kom til leiðar á fyrstu árum kristinnar gegnum fámennan hóp lærisveina sem sjálfir höfðu fát fram að færa.



## Tómasarmessa í Breiðholtskirkju í janúar

Sunnudaginn 29. janúar nk. mun KSS og KSF ásamt skólapresti taka þátt í Tómasarmessu kl. 20 í Breiðholtskirkju. Yfirskrift messunnar er að þessu sinni: „Allir eru jafnir.“ Stefnt er að því að virkja

sem flesta félagsmenn til þátttöku í helgihaldinu. Tónlistin verður í umsjá félagsmanna og mun skólaprestur prédika. Allir eru velkomnir.

## Alfanámskeið í Háskóla Íslands

Undirbúningur stendur nú yfir vegna Alfanámskeiðs sem KSF mun halda í Háskóla Íslands á vormisseri. Skólaprestur ásamt formanni KSF fara fyrir undirbúningsnefnd en mikil og góð samvinna hefur verið við hvítasunnukirkjuna Filadelfíu sem vill styðja við bakið á KSF og hjálpa til við undirbúning, framkvæmd og kynningu námskeiðsins. Eins og er

liggja dagsetningar námskeiðsins ekki fyrir en um er að ræða tveggja klukkustunda samveru einu sinni á viku í ellefu skipti. Námskeiðið verður sérstaklega ætlað háskólanemum á aldrinum 20-35 ára. Viljir þú, lesandi góður, leggja námskeiðinu lið með einhverjum hætti þá skaltu hafa samband við sr. Ólaf Jón skólaprest.

## Heimsókn frá norsku skólahreyfingunni

Dagana 18.-20. janúar mun Karl-Johan Kjøde, framkvæmdastjóri hinnar norsku systurhreyfingar KSH, NKSS, dvelja hérlandis ásamt Bjørn-Inge Furnes Aurdal og Silje Nordal Sylta, starfsmönnum hreyfingarinnar. Þau munu taka þátt í KSF-fundi 19. janúar. Áhugasamir eru velkomnir á fundinn.

„Hef ég ekki boðið þér að vera djarfur og hughraustur?  
Óttastu ekki og láttu ekki hugfallast því að Drottinn, Guð  
þinn, er með þér hvert sem þú ferð.“

*Jósúabók 1.9*

Uppáhaldsvers Eline Elnes Rabbevåg djáknakandidats og æskulýðsfulltrúa í  
Digraneskirkju. Eline er formaður KSF.



## Nýr skólaprestur vígður

Sunnudaginn 25. september sl. var Ólafur Jón Magnússon vígður til prestsþjónustu fyrir Kristilega skólahreyfingu, en frá 15. ágúst 2016 hafði hann gengt starfi starfsmanns KSH.

Hann er guðfræðingur að mennt og útskrifaðist frá guðfræðideild Háskóla Íslands síðastliðinn júní. Ólafur Jón hefur mikla reynslu af barna og unglingastarfi og hafði m.a. umsjón með sunnudagaskóla og unglingastarfi Dómkirkjunnar í Reykjavík í fimm vetur samhliða guðfræðinámi sínu. Einnig sinni hann fermingarfræðslu í Dómkirkjunni og í Hjalla- og Langholtskirkju. Ólafur Jón starfaði fyrir KFUM og KFUK í sumarstarfi frá 2009-2015, fyrst og fremst í Vatnaskógi, bæði sem foringi og forstöðumaður. Í dag er hann ritari stjórnar Skógarmanna KFUM.



Síðasta sumar starfaði hann fyrir Útfararstofu kirkjugarðanna við útfararþjónustu. Starfsreynsla Ólafs Jóns ásamt öðrum kostum, s.s. leikni í mannlegum samskiptum, mun koma skólahreyfingunni að góðum notum.

Ólafur Jón verður skólaprestur fyrir KSS og KSF og hægt er að leita til hans um alla hefðbundna prests-

þjónustu og þ.m.t. einkaviðtöl, sál-gæslu og fyrirbæn. Sem skólaprestur veitir hann stjórnnum félaganna aðstoð við daglegan rekstur og er þeim innan handar í flestum verkefnum. Hægt er að fá viðtal við Ólaf Jón með því að hringja í hann í s. 616-6152 eða senda honum tölvupóst á [olafur.jon@ksh.is](mailto:olafur.jon@ksh.is).

## Afmælishátíð KSF

Þann 17. júní sl. voru liðin 80 ár frá stofnun Kristilegs stúdentafélags. Af því tilefni skipulagði stjórn KSF afmælisfögnuð sem haldinn var þann 29. október kl. 14 að Holtavegi 28. Dagskráin var byggð í kringum hefðbundið fundarform KSF. Kynnar voru Pétur Ragnhildarson og Ásta Guðrún Guðmundsdóttir. Tónlistarflutningur var undir foryrstu Hans Patreks Hanssonar, tónlistarfulltrúa KSF. Í stað hefðbundinnar ræðu höfðu sr. Gísli Jónasson, sr. Ragnar Gunnarsson, Bogi Benediktsson og Hulda Guðlaugsdóttir framsögu um reynslu sína af starfi félagsins. Eftir fundinn var boðið upp á kaffiveitingar.

## Haustskólamót KSS

Helgina 7.-9. október sl. var Haustskólamót KSS haldið í Vatnaskógi. Þátttakendur voru tuttugu og einn, leiðtogar voru þrír og í eldhúsi voru tveir. Yfirskrift mótsins var „Guð og ég!“ og skírskotaði til umfjöllunar ræðumanna um persónulegt samband Guðs við menn. Þrátt fyrir fámenni var mótið vel heppnað og töluðu mótsgestir um að helgin hefði verið frábær. Þar með sannast það sem oft hefur verið sagt að góðmennt getur verið þrátt fyrir að viðburður sé fámennur. Horfum fram á veginn og biðjum Guð fyrir komandi Vorskólamóti, að þangað megi koma margir þátttakendur, vaskir sjálfboðaliðar og blessun Guðs megi vera yfir öllu sem fram fer.

## Skrifstofa skólaprests flutt

Um sama leyti og KSH réði nýjan starfsmann tók stjórn þá ákvörðun að flytja skrifstofuaðstöðu starfsmanns úr húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28. Ástæðan var húsnæðisvandi KFUM og KFUK en myglusveppur kom upp í eldri hluta hússins sem nú hefur verið lokað. Skólaprestur hefur nú fengið afdrep á skrifstofu Kristniboðs-sambandsins að Háaleitisbraut 58-60, 2. hæð. Þangað getur fólk leitað til hans, en mikilvægt er að fólk hringi á undan sér, vilji það ekki eiga á hættu að fara í fýluferð. Gott og gjöfult samstarf við KFUM og K verður áfram tryggt með öðrum leiðum.



„Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var.“  
*Filippíbréfið 2.5*

Uppáhaldsvers Jónu Öllu Axelsdóttur, 17 ára nema í FVA og samfélagsfulltrúa KSS.

## Aðventuhugvekja Skólaprests



### Bænastundir

KSF hefur gert bænastundir fyrir KSF-fundi að föstum lið kl. 19:45 á fimmtudagskvöldum. Þær eru ýmist í umsjá stjórnar KSF eða skólaprests. Hægt er að bera upp bænarefni við upphaf stundar eða senda þau inn á [www.ksf.is](http://www.ksf.is). Beðið verður fyrir innsendum bænarefnum í 2-3 skipti nema annað sé tekið fram. Gleymum ekki bæninni því hún er máttur í magnþota höndum. Eins er mikilvægt að velunnarar KSH muni eftir hreyfingunni í bænum sínum því „[e]f Drottinn byggir ekki húsið erfiða smiðirnir til ónýtis“ (Slm 127.1a).

Í Davíðssálmi 24, versum 7 og 9, heyrir rödd endurtaka: „Pér hlið, lyftið höfðum yðar, hefjið yður, þér öldnu dyr, svo að konungur dýrðarinnar megi inn ganga.“ Ýmsir fræðimenn telja þessa rödd vera raust lýðsins á laufskálahátíð Ísraelsmanna sem haldin var á hverju hausti í Jerúsalem til forna. Á hátíðinni var konungdómi Guðs Ísrels yfir allri sköpun sinni fagnað. Talið er að á hátíðinni hafi skrudganga farið gegnum borgina og inn í musterið. Frammi fyrir dyrum mustersins mælti lýðurinn áður nefnd orð. Þessi orð urðu Helga Hálfánarsyni innblástur er hann orti kvæði sem nú er að finna við sálm nr. 59 í sálmabók íslensku þjóðkirkjunnar (og reyndar einnig nr. 558). Sálmurinn er aðventu- og jólasálmur en Helgi túlkaði dynnar í

Sálm 24 sem dyr hjartans. Í sjötta erindi yrkir hann: „Gjör dynnar breiðar, hliðið hátt, / þig, hjarta, prýð sem best þú mátt, / og trúarlampann tendra þinn, / og til þín bjóð þú Jesú inn.“ Í kvæði sínu nær hann að fanga kjarnann í boðskap jólanna. Annars vegar að kóngur dýrðarinnar, Guð, hafi verið gefinn mönnum og komið í heiminn sem sveinbarn fætt í jötu til þess að birta mönnum sjálfan sig, með lífi, dauða og upprisu Jesú Krists. Hins vegar að okkur ber að bjóða Jesú að fæðast og myndast í hjarta okkar en vísa honum ekki á brott eins og gistihúsaeigendurnir forðum í Betlehem. Við sem eigum Jesú í hjarta okkar þökkum það og fögnum því á jólum að Jesús er konungur þess og fái að ríkja þar. Gleðileg jól.

## Öldungar KSS

Öldungar KSS eru fyrrverandi KSS-ingar á öllum aldri sem vilja leggja félaginu lið og styðja það til góðra verka. Þeirra hlutverk er að biðja fyrir starfi KSS, vera reiðubúnir að rétta stjórninni hjálparhönd ef þess er leitað og mæta á KSS-fundi með reglulegu millibili í samráði við eldri fulltrúa

KSS. Öldungar KSS eru í dag um tuttugu talsins en í þennan hóp má bæta fleiri velunnurum KSS. Langi þig til að leggja þitt af mörkum til stuðnings félaginu með þessum hætti, hafðu þá samband við Pétur Ragnhildarson, eldri fulltrúa KSS t.d. með tölvupósti á [petur@ksh.is](mailto:petur@ksh.is).

## Hvernig er hægt að styrkja KSH?

Til þess að skrá sig í gjafakerfi hreyfingarinnar er einfaldast að fylla út eyðublað á [www.ksh.is](http://www.ksh.is). Það er bæði hægt að greiða með kreditkort og greiðsluseðli. Ef valið er að greiða með greiðslukorti verður að gefa upp símanúmer svo hægt sé að hringja og fá uppgefið kortanúmer. Til að fá nánari

upplýsingar er hægt að hafa samband við Ólaf Jón, skólaprest, með tölvupósti á netfangið [olafur.jon@ksh.is](mailto:olafur.jon@ksh.is) eða í síma 616-6152. Einnig er hægt að hafa samband við Hildi, gjaldkera KSH, með tölvupósti á netfangið [hildurkj@gmail.com](mailto:hildurkj@gmail.com).

**Reikningur KSH: 0117-26-119105**  
**Kennitala: 510479-0259.**

Kærar þakkir fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!